

## LÖG

um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum  
Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og  
fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og  
Véltjórafélagi Íslands, Véltjórafélagi Suðurnesja  
og Véltjórafélagi Vestmannaeyja.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.

#### 2. gr.

Allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað.

#### 3. gr.

Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimilar.

#### 4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. mars 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.*